

Aðalfundur 3f 2010

Félag um upplýsingatækni og menntun

2. júní 2010

Aðalfundur 3f var haldinn í Græna kaffihúsinu í Hellisgerði í Hafnarfirði miðvikudaginn 2. júní 2010.

Sólveig Friðriksdóttir, formaður 3f, setti fundinn kl. 16:10. Hún lagði til að Sigurður Fjalar Jónsson yrði kosinn fundarstjóri og Jóhanna Geirsdóttir yrði kosin fundarritari. Var það samþykkt.

Þá var gengið til hefðbundinnar dagskrár aðalfundar.

Dagskrá aðalfundar er, samkvæmt lögum félagsins, eftirfarandi:

1. Formaður félagsins setur fund og tilnefni fundarstjóra
2. Ársskýrsla formanns
3. Skýrsla gjaldkera
Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar síðasta fjárhagsárs
Ákveðið félagsgjald
4. Stjórnarkjör
Kosning formanns
Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga
5. Önnur mál

Ársskýrsla formanns

Sólveig Friðriksdóttir, formaður, flutti skýrslu stjórnar. Hún fór yfir það sem bar hæst í starfi félagsins á annasömu starfsári. Fjölmargir fræðslufundir, kynningar og námskeið voru í boði fyrir félagsmenn og umfangsmikil haustráðstefna sem bar yfirskriftina „Skapandi skólastarf, opnar leiðir í námi og kennslu“, var haldin í HÍ föstudaginn 2. október 2009. Sjá nánar í skýrslu formanns.

Sólveig sagði frá ráðstefnu 3f sem fyrirhugað er að halda í samstarfi við Keili- Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs 29. október nk. milli kl. 13:00-17:00 í Keili á Miðnesheiði. Viðfangsefnið verður upplýsingatækni nútímans: **Framtíðin er núna, tækni fyrir alla**. Á henni verður fjallað um breytingar í upplýsingatækni. Áhersla verður lögð á hagnýt atriði sem höfða til allra kennara á öllum skólastigum. Kennurum gefst tækifæri til að prófa hluti, ræða um þá og skiptast á hugmyndum.

Skýrsla gjaldkera

Fjóla Þorvaldsdóttir, gjaldkeri, lagði fram og kynnti endurskoðaða reikninga félagsins 2009. Engar athugasemdir komu fram og voru ársreikningar samþykktir samhljóða.

Félagsgjöld í 3f hafa við 0 kr. Gjaldkeri lagði til að þau yrði áfram óbreytt og var það samþykkt.

Stjórnarkjör

Sólveig Friðriksdóttir, formaður, gaf ekki kost á sér áfram sem formaður í félaginu. Hún er tilbúin að vera áfram í stjórn 3f sem meðstjórnandi. Elín Jóna Traustadóttir, meðstjórnandi, gaf ekki kost á sér í stjórn. Í hennar stað kemur Bjarndís Fjóla Jónsdóttir, kennari í upplýsingatækni við Lágafellsskóla. Elínu Jónu voru þökkuð störf í þágu félagsins.

Kosning formanns

Tillaga kom frá stjórn um Sigurð Fjalar Jónsson sem formann. Engin mótframboð komu fram. Sigurður Fjalar Jónsson var því kosinn formaður og aðrir stjórnarmenn verða Bjarndís Fjóla Jónsdóttir, Fjóla Þorvaldsdóttir, Jóhanna Geirsdóttir, Sólveig Friðriksdóttir. Sólveigu var þakkað óeingingjarnt starf sem formaður3f.

Kosning skoðunarmanna reikninga

Skoðunarmenn reikninga voru kosnir þau Þorbjörg Garðarsdóttir og Kristján Kristjánsson.

Önnur mál

Salvör Gissurardóttir sagði frá ráðstefnu sem haldin verður á Hilton Reykjavík Nordica 16.–20. október 2010 – **NordiCHI 2010 – The sixth Nordic Conference on Human-Computer Interaction**. Hún spurði hvort 3f gæti hugsanlega styrkt kennara til að fara á ráðstefnuna. Einnig kom upp sú hugmynd að félagsmenn 3f fengju frítt inn á ráðstefnuna.

Salvör kom einnig með hugmynd um að halda málþing í hálfan dag um blogg í kennslu í tilefni 10 ára afmælis bloggsins nú í haust. Á því mætti fara yfir og taka saman hvað hefur verið að gerast í þessum efnunum.

Sigurður Fjalar Jónsson sagði frá könnun á vegum Endurmenntunar HÍ (SEF) um námskeið fyrir kennara. Þar kom fram að mikil þörf væri á námskeiðum í upplýsingatækni, hún væri þar í 2. sæti. Hugsanlega mætti hafa samstarf við skólaskrifstofur á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi um að halda námskeið fyrir grunnskólakennara.

Salvör Gissurardóttir kom með tillögu um að kynna Open Source hugbúnað betur fyrir kennurum.

Sigurður Fjalar Jónsson talaði um samstarf við Sigurbjörgu Jóhannesdóttur, sérfræðing í menntamálaráðuneytinu, um verkefnið UT-leiðtogar – Netríkið Ísland. Fjármunir væru til staðar til að nota í verkefnið en það þyrfti að ganga frá því fyrir næstu áramót.

Hann lagði til að félagið 3f yrði UT-leiðtogi og fengi úthlutað styrk úr þessum sjóði.

S.Fjalar talaði einnig um að breyta ætti orðalagi á skilgreiningu menntamálaráðuneytisins á upplýsingatækni í „Átta lykilhæfnipáttum“ (Key Competences) eftir að 3f gerði athugasemdir við það.

Sigurlaug Kristinsdóttir talaði um nýyrðið „skjáta“ yfir tölvupóst. Hugmynd kviknaði hvort 3f og móðurmálskennarar stofnuðu fræðsluvef um orð og hugtök í upplýsingatækni.

Elín Jóna Traustadóttir nefndi að náttúrufræðikennarar á Flúðum gætu verið með innlegg á ráðstefnu 3f í haust og sagt frá nýjungum í kennslu í náttúrufræðum í Flúðaskóla.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 17.30

Jóhanna Geirsdóttir
fundarritari